

Reglur Borgunar hf. um meðferð upplýsinga um viðskiptamenn

I. Inngangur

Reglur þessar eru settar af Borgun hf. (hér eftir Borgun) á grundvelli 19. gr b. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Markmið reglnanna er að stuðla að því að Borgun uppfylli lög og reglur hverju sinni varðandi upplýsingar um viðskiptamenn þannig að meðhöndlun upplýsinga um viðskiptamenn sé í samræmi við góða viðskiptahætti og grundvallarsjónarmið um persónuvernd og friðhelgi einkalífs, sbr. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga sem og að í hvívetna sé ákvæði 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki fylgt.

Reglur þessar gilda um alla starfsemi Borgunar og alla viðskiptavini og upplýsingar sem Borgun vistar um þá, hvaðan svo sem þær eru upprunar. Allir starfsmenn Borgunar skulu starfa í samræmi við reglur þessar og ber að tilkynna til forstöðumanns Lögfræðisviðs ef þeir verða áskynja um einhvern misbrest. Reglurnar gilda um allar persónuupplýsingar innan Borgunar, sérhverja rafræna og handvirka vinnslu þeirra.

II. Utanumhald upplýsinga um einstaka viðskiptamenn

Borgun varðveitir upplýsingar um viðskiptamenn sína, jafnt upplýsingar sem viðskiptamaður hefur sjálfur veitt, viðskiptasögu hans og annarra upplýsinga sem Borgun hefur sjálf aflað um viðskiptamann á grundvelli laga, svo sem vegna greiðslumats o.fl. Upplýsingar eru ýmist varðveittar með rafrænum hætti eða á pappírformi.

Allar upplýsingar á rafrænu formi skulu varðveittar með öruggum hætti og í samræmi við öryggisstaðla, svo sem ISO 27001.

Allar upplýsingar á rafrænu formi skulu varðveittar með öruggum hætti, þ.e. á viðurkenndum geymslustað.

Borgun hefur sett innri reglur varðandi gagnameðferð og öryggi sem tryggja skulu að meðferð, varðveisla, miðlun og förgun gagna sé ætíð í samræmi við lög, öryggiskröfur og almennar reglur um trúnað um gögn/upplýsingar sem leynt eiga að fara, sbr. VR05-11. Gögn og upplýsingar innan Borgunar eru flokkaðar í þrjá flokka eftir viðkvæmni þeirra og skal meðferð, aðgengi, förgun o.s.frv. fara samkvæmt þeim reglum.

III. Aðgangur starfsmanna að upplýsingum um viðskiptamenn

Aðgangsheimildir að persónuupplýsingum viðskiptamanna eru takmarkaðar og aðgangsstýrðar. Starfsmenn skulu eingöngu hafa aðgang að þeim upplýsingum sem starf þeirra krefst. Undir umsjón öryggisstjóra félagsins skulu aðgangsheimildir að kerfum félagsins rýndar árlega af yfirmönnum og aðgangi lokað ef við á.



IV. Miðlun upplýsinga til þriðja aðila

Allir starfsmenn Borgunar og þeir sem taka að sér verk í þágu Borgunar eru bundnir þagnarskyldu um allar þær upplýsingar sem þeir verða áskynja um í starfi sínu, sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Heimilt er þó að miðla upplýsingum til þriðja aðila enda liggja fyrir skýr lagaskylda þar um eða heimild viðskiptamanns liggur fyrir.

Jafnframt kann upplýsingum að vera miðlað til þriðja aðila að frumkvæði Borgunar í þeim tilvikum þar sem Borgun ber skylda til þess á grundvelli laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

V. Upplýsingaréttur viðskiptamanna

Sérhver viðskiptamaður skal eiga rétt á að fá afhent afrit af öllum þeim gögnum sem varðveitt eru um hann innan Borgunar, enda standi lögmætir hagsmunir viðskiptamanns til þess. Beiðni þess efnis skal skýr og afmörkuð. Forstöðumaður lögfræðisviðs metur slíkar beiðnir, m.a. á grundvelli persónuverndarsjónarmiða og fyrrnefndri 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Ekki eru afhend innri vinnugögn starfsmanna Borgunar svo sem tölvupóstar, minnisblöð og önnur ónákvæm gögn.

VI. Skráning á notkun upplýsinga

Öll notkun starfsmanna á upplýsingakerfum Borgunar skal skráð og rekjanleg. Viðskiptamönnum skal heimilt að fá yfirlit yfir hvaða starfseiningar innan Borgunar hafa unnið með upplýsingar sem varða málefni viðkomandi. Viðskiptamenn geta ekki krafist persónugreinanlegra upplýsinga um starfsmenn Borgunar sem hafa unnið með eða skoðað upplýsingar sem varða viðkomandi. Forstöðumaður lögfræðisviðs skal meta slíkar beiðnir.


VII. Eftirlit með framkvæmd reglnanna


Lögfræðisvið Borgunar hefur eftirlit með reglum þessum og skal gera reglulegar úttektir á framfylgni við þær.

VIII. Birting og gildistaka


Reglur þessar skulu birtar á vef Borgunar, www.borgun.is og uppfærðar eftir þörfum. Reglur þessar voru samþykktar af stjórn Borgunar þann 4. maí 2017.


Erlendur Magnússon,
stjórnarmaður


Sigrún Helga Jóhannsdóttir, varaform.


Björg Sigurðardóttir, stjórnarmaður


Halldór Kristjánsson, stjórnarmaður


Óskar Veturliði Sigurðsson, stjórnarmaður